

Nd. **201. Frumvarp til laga** [129. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Sigurvin Einarsson, Birgir Finnsson,
Matthías Bjarnason, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Síðustu málsliðir 5. gr. laganna orðist svo:

Engin lánveiting má nema yfir 600 000.00 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 27 17. apríl 1962.

Greinargerð.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að hámarkslán fiskimálasjóðs hækki úr kr. 400 000.00 í kr. 600 000.00. Er hér átt við lán, sem veitt eru til stofnkostnaðar fyrirtækja eða endurbóta á fyrirtækjum þeim, sem starfsemi sjóðsins nær til. Sjóðurinn veitir viðbótarlán til fiskvinnslufyrirtækja, en þó aldrei meira en fjórðung af þeim framkvæmdum, sem unnar eru hverju sinni. Lánin eru hámarkslán bundin við hverja framleiðslugrein.

Þegar lögín um fiskimálasjóð voru samþykkt 1947, var heimild til hámarkslána kr. 150 000.00, en á árinu 1962 var þessi heimild hækkuð í kr. 400 000.00.

Með hliðsjón af rýrnandi kaupmætti peninganna ætti þessi breyting að vera mjög eðlileg.

Verkefni fiskimálasjóðs eru vissulega fleiri en lánastarfsemi til fyrirtækja, er vinna að eflingu fiskveiða og hagnýtingu sjávarafurða, en með tilliti til efnahags sjóðsins verður að teljast, að breyting sú, sem lögð er til með frumvarpinu, sé raunhæf.

Teljum við rétt að birta hér efnahagsreikning sjóðsins pr. 31. des. 1969.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:

1. Sjóður	kr.	8 836.65
2. Bankainnstæður í hlaupareikningum	—	19 036 103.78
3. Bankainnstæður í sparisjóðsbókum	—	16 553 442.20
4. Ýmis lán	—	85 135 119.00
5. Verðbréf:		
Íslensk endurtrygging	kr.	11 000.00
Landsútgáfan	—	5 000.00
Ríkistryggð skuldabréf	—	117 000.00
		— 133 000.00
6. Skrifstofuvélar og húsbúnaður	—	73 311.00
7. Greitt vegna kaupa á fiskimjölsværksmiðju á Sauðárkróki	—	211 073.00
		—
		Kr. 121 150 885.63

Skuldir:

1. Höfuðstóll 1/1 1969	kr.	112 784 423.94
Tekjur umfram gjöld 1969	—	8 366 461.69
		—
		Kr. 121 150 885.63

Reykjavík, 11. marz 1970.

Gunnar Pálsson.

Á sama tíma námu óafgreiddir styrkir og lánsloforð um 9.4 millj. króna.